

Nr. 223

14. febrúar 2007

## REGLUR um afslátt af fasteignaskatti í Blönduóssbæ vegna ársins 2007.

1. gr.

Umsækjandi skal hafa átt lögheimili í Blönduóssbæ 1. desember 2006.

2. gr.

Rétt til afsláttar hafa elli- og örorkulífeyrisþegar, á grundvelli 4. mgr. 5. gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga.

3. gr.

Niðurfelling á fasteignaskatti er tekjutengd og getur mest orðið kr. 40.000.

4. gr.

Tekjumörk á árinu 2007 eru sem hér segir (70% af tekjuviðmiði TR):

*Einstaklingar með skattskyldar tekjur allt að kr. 1.439.483 fá 100% afslátt.*

*Einstaklingar með skattskyldar tekjur allt að kr. 2.134.750 fá 0% afslátt.*

*Hjón með skattskyldar tekjur allt að kr. 2.303.172 fá 100% afslátt.*

*Hjón með skattskyldar tekjur allt að kr. 3.415.600 fá 0% afslátt.*

*Tekjur innan skilgreindra tekjumarka veita hlutfallslegan afslátt.*

5. gr.

Skilyrði fyrir niðurfellingu er að viðkomandi búi sjálfur í húsnæðinu og hafi ekki af því leigutekjur.

6. gr.

Falli aðstæður ekki undir ákvæði reglna þessara skal bæjarráð úrskurða um lækkun eða niðurfellingu.

7. gr.

Upplýsingar um tekjur vegna útreiknings er sóttur vélrænt á vef ríkisskattstjóra [www.rsk.is](http://www.rsk.is) í gegnum álagningarkerfi Fasteignamats ríkisins.

8. gr.

Ekki er þörf á sérstökum umsóknum vegna afsláttar.

9. gr.

Athugasemdir vegna útreiknings afsláttar skulu berast skriflega til fjármálastjóra Blönduóssbæjar eigi síðar en 1. júní 2007.

Reglur þessar voru samþykktar af bæjarstjórn Blönduóssbæjar þann 13. febrúar 2007.

*Bæjarstjórinn á Blönduósi, 14. febrúar 2007.*

**Hulda Ragnheiður Árnadóttir.**

---

B-deild – Útgáfud.: 20. mars 2007